



FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ

STARFSMANNASKRIFSTOFA

Dagsetning

Tilvísun

Til ráðuneyta og stofnana

27. september 1995

51-65-2/BG/há

Um framkvæmd reglugerðar nr. 580/1991 um bifreiðamál ríkisins

Öllum stofnunum í A- og B-hluta ríkissjóðs ber að fara eftir reglugerð nr. 580, 4 desember 1991 um bifreiðamál ríkisins, en Bílanefnd ríkisins er fjármálaráðuneytinu til aðstoðar um framkvæmd hennar. Póstfang nefndarinnar er:

Bílanefnd ríkisins
b.t. Péturs Péturssonar
Borgartúni 7, 105 Reykjavík

Til áréttingar um framkvæmd reglugerðarinnar og vegna samþykktar ríkisstjórnarinnar um sparnað í bílamálum ríkisins hefur eftirfarandi verið sett fram nefndinni og öðrum stjórnvöldum til eftirbreytni:


1. Skv. 3. og 8. gr. reglugerðarinnar er fortakslaust gert ráð fyrir að færð sé akstursbók eða akstursskýrsla.
2. Skv. 5., 6. og 7. gr. reglugerðarinnar skal gera skriflega aksturssamninga við ríkisstarfsmenn um afnot af bílum þeirra í þágu stofnunar ef forstöðumaður telur slíkt æskilegt. Þó er ekki talin þörf á að gera skriflegan aksturssamning, ef akstur er innan við 2000 km á ári, enda sé greitt fyrir þann akstur samkvæmt akstursskýrslu.
3. Meginreglan um gerð aksturssamninga er að þeir séu opnir þ.e. eingöngu greitt fyrir ekna km samkvæmt akstursbók. Stofnunum er gert að hafa upplýsingar úr akstursbókum tiltækar og aðgengilegar fyrir Bílanefnd ríkisins.
4. Heimilt skal að gera blandaða samninga við starfsmenn þannig að 2000 km akstur á ári mæti akstursþörf innan tiltekins svæðis, en fyrir akstur utan svæðisins sé greitt samkvæmt akstursbók.
5. Engir lokaðir aksturssamningar verði hærri en 2000 km. Öllum hærri lokuðum samningum þarf að segja upp og gera nýja samninga, sem verði í samræmi við ofangreind atriði.

6. Aksturssamningum sem ekki eru í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar verði sagt upp.
7. Bílanefnd ríkisins skal fylgjast með að allar ríkisbifreiðar séu merktar. Um merkingar ríkisbíla gilda reglur nr. 262/1993.

Með bréfi þessu er afturkallað bréf Launaskrifstofu ríkisins, nú starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins, dags. 21. mars 1990, um bifreiðamálefni.

Fyrirspurnum er rísa kunna vegna ofanritaðs skal beina til Bílanefndar ríkisins.

F.h.r.



Birgir Guðjónsson